

íbúðarhús með lóð, Gömlubúð með lóð, oliuhúsi hf. Skeljungs með lóð, uppfyllingu og bryggju. Kaupangi með lóð, uppfyllingu og bryggju. Vélaverkstæði Eskifjarðar og dráttarbraut með lóð. Í Framkaupstað: 4 geymsluhús og sjóhús neðan götu með lóð og bryggju, búðarhús í Framkaupstað og Framkaupstaðartún, verkstæðis-, geymslu- og skrifstofubygging Snæfells hf. með lóð og sjávarlóð Kristjáns Jónssonar í Skuld.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

2. apríl.

Nr. 65.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnarstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. apríl 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnarstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnarstöðum og er stofnaður af foreldrum hans, Sigurgeiri Jónssyni og Þuríði Sigurðardóttur, hinn 17. júní 1911 með 700 króna stofnfé.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að hvetja menn til bætrar meðferðar á sauðfé og vinna að kynbótum á því. Að þessu skal unnið á þann hátt, að veita sérstök verðlaun fyrir beztu sauðkind, sem sýnd er á búfjársýningum, sem Búnaðarfélag Íslands heldur í Suður-Þingeyjarsýslu. Þó koma aðeins til greina þeir einstaklingar, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á afkvemasýningum. Allar afhendingar verðlauna skulu gerðar samkvæmt úrskurði dómnefndar. Héraðinu skal skipt í tvö sýningarsvæði um Skjálfafljót og geta einungis fjáreigendur á öðru svæðinu keppt um verðlaunin hverju sinni.

3. gr.

Sjóðnum skal varið eins og hér segir: Hann skal jafnan vera á vöxtum og skal helmingi vaxtanna frá ársbyrjun 1962, varið til verðlauna samkvæmt 2. grein.

Hinn helmingur vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn nemur 20 þúsund krónum.

Þegar höfuðstóllinn hefur náð þeirri fjárhæð, er sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu heimilt að endurskoða skipulagsskrána og gera breytingar á henni.

Þó skal sjóðurinn jafnan vinna að bættri meðferð sauðfjár og kynbótum.

B 20

4. gr.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu skal annast sjóðinn á þann hátt, sem hér greinir:

1. Að ávaxta hann í öruggum stað.
 2. Að afhenda stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyjarsýslu í peningum þann hluta vaxta sjóðsins, sem verja skal til verðlauna, þegar verðlaun eru veitt samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar. Þau ár, sem verðlaun eru ekki veitt úr sjóðnum, skal sá hluti vaxtanna, sem til verðlauna er ætlaður, geymast og ávaxtast í sjóðnum, þar til kemur til úthlutunar úr sjóðnum næsta sinn.
- Verðlaun skulu jafnan standa á heilum tug króna, og ekki nema hærri upphæð til sama aðila en 1000 krónum, meðan höfuðstóllinn hefur ekki náð 20 þúsund krónum.
3. Að leggja reikninga sjóðsins árlega fram á sýslunefndarfundi til samþykktar.

5. gr.

Sýslunefndin leiti staðfestingar á skipulagsskrá þessari, eins og hún nú er orðin. Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 82 frá 17. júní 1912.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu 1962.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 21. marz 1963.

Jóhann Skaftason.

S A M Þ Y K K T

um stjórn Sauðárkróks.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og relgugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti. Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingum til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.